



Ályktun

Aðalfundur Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, haldinn að Hótel Sögu 10. desember 1994, beinir þeim eindregnu tilmælum til KSÍ að sambandið láti kanna menntunarstig íslenskra knattspyrnuþjálfara. Megintilgangur með könnun þessari skal vera:

1. Að ganga úr skugga um það hversu hátt hlutfall knattspyrnuþjálfara hefur aflað sér sérstakrar þjálfaramenntunar í knattspyrnu og hver sú menntun er.
2. Að afla enn betri vitneskju um það til hverra skal sérstaklega höfðað þegar námskeið fyrir knattspyrnuþjálfara eru haldin, ekki síst með tilliti til náms- og kennsluefnis sem bjóða skal upp á.
3. Að geta skipulagt endurmenntun og séð betur fyrir endurmenntunarpörf knattspyrnuþjálfara.